

**Sp. 642. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Seyðisfjarðarkaupstað til að kaupa hlutabréf Síldarbræðslunnar h/f og til endurbóta á síldarverksmiðjunni.

Frá fjárveitinganefnd.

Ríkisstjórninni er heimilt gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir Seyðisfjarðarkaupstað lán til kaupa á hlutabréfum Síldarbræðslunnar h/f á Seyðisfirði, enda samþykki ríkisstjórnin kaupverðið. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 1.5 milljón króna lán til endurbóta á síldarverksmiðjunni, ef hlutabréfakaupin takast.

**Greinargerð.**

Atvinnuástand á Seyðisfirði hefur undanfarin ár verið allarfitt. Má meðal annars rekja það til þess, að algerlega hefur skort aðstöðu í landi til hraðfrystingar á fiski. Leiðir af því, að kaupstaðurinn hefur ekki haft nálægt því full not af botnvörpungnum Ísólfí, sem er eign Seyðfirðinga. Til þess að ráða hér á nokkra bót er Seyðisfjarðarbær að láta reisa fiskiðjuver í kaupstaðnum, og standa vonir til, að því verði lokið á þessu ári.

Nauðsynlegur þáttur í rekstri allra frystihúsa er verksmiðja, sem unnið getur úr fiskúrgangi.

Forráðamenn Seyðisfjarðarkaupstaðar telja þá lausn hagkvæmasta á því máli, að bærinn kaupi síldarverksmiðju þá, sem Síldarbræðslan h/f á nú á Seyðisfirði, og endurbæti hana svo, að hún geti, auk þess að vinna síld, unnið allan úrgang, sem til fellur frá fiskiðjuverinu.

Ríkisstjórnin er sammála um, að framkvæmdir þær, sem hér er rætt um, varði svo miklu fyrir afkomu manna á Seyðisfirði, að réttmætt sé, að til þeirra sé veittur sá stuðningur, sem felst í þingsályktunartillögu þessari.

**Fylgiskjal.**

LÁRUS JÓHANNESSON,  
hæstaréttarlögmaður.

Reykjavík, 24. marz 1956.

Til ríkisstjórnar Íslands.

Eins og hinni virðulegu ríkisstjórn er kunnugt, hafa Seyðfirðingar verið að brjótast í því að koma upp fiskiðjuveri þar á staðnum. Fjárhagsgetan til þess er lítil, en nauðsynin svo auðsæ, að ekki er nokkur vafi á, að fjórðurinn leggst í auðn, ef byggingu fiskiðjuversins verður ekki lokið á þessu ári.

Á meðan ástandið er eins og það er, eru ekki nálægt því full not af botnvörpungnum „Ísólfí“, sem er eign Seyðfirðinga. Bátar, sem gerðir eru út þaðan, verða að fara til Norðfjarðar eða Eskifjarðar til að fá frystan fisk sinn, og sætir það mestu furðu, að nokkur skip skuli vera þar eftir.

Þegar fiskiðjuverið er aftur á móti komið í starfhæft ástand, er ekki einungis von um, að sala báta frá staðnum hætti, heldur miklar líkur til þess, að útgerð frá staðnum aukist verulega við hinar bættu aðstæður.

Upprunalega var áætlað, að fiskiðjuverið kostaði 5 370 000.00 kr., en við hækkun þá, sem leiddi af verkfallinu síðastliðið ár, og þá almennu verðhækkun, sem sigldi í kjölfar þess, hefur kostnaðaráætlunin hækkað um 715 þús. kr., og er því áætlað, að fiskiðjuverið kosti nú uppkomið kr. 6 085 000.00. Kostnaðaráætlunin hefur hingað til staðizt prýðilega.

19. jan. 1956 var skýrsla gerð um, hvað búið væri að greiða til iðjuversins. Fylgir hún með sem fylgiskjal 1 og er samin af Jóhannesi Sigfússyni, bæjarstjóra. Sést á henni, að þá er búið að greiða skv. bókhaldi bæjarins kr. 3 859 112.00, en síðan hefur verkinu verið haldið óslitið áfram.

Enn fremur sést á sömu skýrslu, hvernig bæjarstjórnin hefur hugsað sér að afla þeirra kr. 2 226 000.00, sem á vantar, að fiskiðjuverið verði fullgert, og er því þá treyst, að Framkvæmdabanki Íslands, sem hefur lánað 900 þús. kr. til stofnunar fiskiðjuversins og skuldbundið sig til að lána 900 þús. kr. til viðbótar, bæti við lánsupphæð sína 710 þús. kr.

En þótt fé þetta fáist og fiskiðjuverið sjálft komist upp, er sá gallinn á, að enn vantar verksmiðju til að vinna úr fiskúrgangi, en það er nú talinn nauðsynlegur liður í rekstri allra frystihúsa.

Í þessu sambandi er að tala um tvær leiðir, önnur sú að byggja hæð ofan á fiskiðjuverið og hafa verksmiðjuna í sama húsi og er áætlunin um það í fylgiskjali 2 með bréfi þessu. Skv. henni kostar verksmiðja, sem vinnur úr 300 málum sildar á sólarhring eða sem svarar til 30 smálesta af fiskúrgangi, kr. 905 900.00, en verksmiðja, sem vinnur úr 600 málum eða ca. 80 smalestum af úrgangi, kr. 1 469 900.00. Við þetta bætist svo, að því er mér skilst, hækkun á húsinu kr. 300 000.00, raflagnir og lyktheydingartæki ca. 55 000.00.

Bæjarstjórnin telur algerlega nauðsynlegt, til þess að full not fáist af fiskiðjuverinu og það beri sig fjárhagslega, að fiskimjölsverksmiðja sé í sambandi við það, og þarf framanskráða upphæð, ef hún á að vera hluti af fiskiðjuverinu. Ég get þess, að ekki var tekið tillit til þessa kostnaðar í frumáætlun fiskiðjuversins, vegna þess að þá var gengið út frá, að Síldarverkmiðjan á Seyðisfirði h/f gæti unnið úr úrganginum. Nú hefur það aftur á móti komið í ljós, að sú verkmiðja muni ekki geta unnið úr fiskúrgangi frá fiskiðjuverinu, og kemur auðvitað ekki til mála, að ekki sé hægt að gera sér fé úr honum, enda mundi þá öll rekstraráætlun fiskiðjuversins raskast til tjóns fyrir alla.

Í sambandi við athuganir á þessu máli, kaus bæjarstjórn Seyðisfjarðar sérstaka nefnd, sem í voru menn frá öllum flokkum. Komu nefndarmennirnir sér saman um, að hagkvæmara mundi vera fyrir fiskiðjuverið en að reisa nýja verkmiðju í sambandi við það að kaupa 132 600.00 kr. af hlutabréfum í hlutafélaginu Síldarverkmiðja Seyðisfjarðar og slá saman þessum tveimur fyrirtækjum. Hlutféð í Síldarverkmiðju Seyðisfjarðar er kr. 150 000.00, en af því á bæjarsjóður um kr. 10 000.00 og aðrir hluthafar afganginn, en kr. 132 600.00 eru á 6 höndum, og munu eigendur þeirra fúsir til að selja þau.

Á fylgiskjali 3 með bréfi þessu er yfirlit yfir eignir hlutafélagsins „Síldarbræðslan“ á Seyðisfirði, miðað við 13. febr. 1956. Áætlun þessi er gerð af fyrirnefndum hluthöfum og er lögð fram sem fylgiskjal nr. 3 með bréfi þessu.

Eins og sést á fylgiskjali 3, á Síldarbræðslan h/f geysimiklar eignir. Þær eru af eigendunum metnar á ca. kr. 3 400 000.00.

Ég hef engin tók á því að segja um, hvort þetta mat sé rétt eða ekki, enda er það lauslegt og aðeins sem samningsgrundvöllur, en mér er sem gömlum Seyðfirðing kunnugt um, að ef Seyðisfjörður á nokkra framtíð, er aðstaða sú, sem Síldarbræðslan hefur, sú bezta, sem til er á staðnum, og þeir liðir í áætluninni, sem ég hef nokkra skynsemi til að meta, eru að mínu áliti sanngjarnlega metnir.

Eins og fylgiskjal 3 ber með sér, er þetta matsverð eignanna kr. 3 400 000.00. Skuldir þær, sem á Síldarbræðslunni hvíla, aðallega hjá Útibúi Útvegsbankans á Seyðisfirði, eru um 2 millj. kr., og vilja eigendur hlutabréfanna, sem að samningi þessum standa, selja hlutabréf sín fyrir tífalt verð eða ca. kr. 1 400 000.00.

Ég tek það fram, að það eru ekki eigendur hlutabréfa Síldarbræðslunnar, sem hafa sótt eftir að selja bréfin, heldur nefnd sú, er bæjarstjórnin kaus, sem hefur fært málið í tal við þá og þeir ekki talið sig geta staðið á móti því.

Eigendum hlutabréfanna er það ljóst, að ekki muni vera hægt að fá greiðslu í

peningum, en mundu gera sig ánægða með að fá skuldabréf, sem ríkissjóður ábyrgist. Skuldabréf þessi greiddust á 10 árum með jöfnum afborgunum og þeim vöxtum, sem um semdist.

Hvort Útibú Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði mundi krefjast ríkisábyrgðar fyrir þeim ca. 2 millj., sem það á hjá Sildarbræðslunni, veit ég ekki um á þessu stigi málsins, en bankinn hefur veð í öllum eignum félagsins.

Því er ekki að neita, að sá galli er á í sambandi við kaup á hlutabréfum í Sildarbræðslunni, að gera þarf allmikið við verksmiðjuna, til þess að hún sé fullkomlega starfhæf. Um þetta atriði fjallar fylgiskjal 4.

Eins og nú standa sakir, vinnur verksmiðjan úr ca. 800 málum af sild á sólarhring.

Ef gert er ráð fyrir, að verksmiðjan yrði ekki stækkuð, en færð í nýtizku horf, mundi kostnaðurinn skv. fylgiskj. 4 verða 950 þús., sem vitanlega þyrfti að greiða í peningum og ríkisstjórnin yrði þá að hjálpa bænum til að greiða. Ef verksmiðjan yrði aftur á móti stækkuð upp í 1800—2000 mál á sólarhring, yrði kostnaðurinn kr. 1 476 000.00.

Ég fyrir mitt leyti álit, að ef horfið yrði að því, að fiskiðjuverinu yrði með aðstoð ríkissjóðs gert kleift að kaupa allar eignir Sildarbræðslunnar á Seyðisfirði, þá yrði verksmiðjan stækkuð. Ég rökstyð þetta með því, að þá fengist raunverulega 1000—1200 mála verksmiðja fyrir hálfa millj. króna, sem vitaskuld er ekki neinir peningar nú á lögum, ef sildveiði brygðist ekki, en menn gera sér nú geysilegar vonir um, að með nýjum útbúnaði verði hægt að veiða sild, þó að hún sé ekki á yfirborði sjávar. Eins og kunnugt er, hefur sumarsildin legið mest austanlands undanfarin ár. Í þessu sambandi tek ég það fram, að þó að aðferð hafi fundizt til að geyma sild betur heldur en áður, þarf ekki að auka verksmiðjurnar eða annað mikið, til þess að þessi mismunur hyrfti.

Eins og áður er getið, kaus bæjarstjórnin sérstaka nefnd til þess að koma þessu málefni á framfæri við ríkisstjórnina og er sammála um að fara fram á þessa aðstoð. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hr. Pétur Blöndal, hefur átt tal við hv. forsætisráðherra Ólaf Thors, sem sagði honum að snúa sér til mín og biðja mig um að leggja málið fyrir stjórnina, og er bréf þetta því skrifað.

Umboðsmaður Framsóknarflokksins í nefndinni, Björgvin kaupfélagsstjóri Jónsson, mun hafa talað við Eystein Jónsson fjármálaráðherra, og eftir því sem mér er skýrt frá, fengið allgóðar undirtektir hjá honum. Fulltrúi jafnaðarmanna, Gunnþór Björnsson, forseti bæjarstjórnar Seyðisfjarðar, hefur einnig talað við Eystein Jónsson fjármálaráðherra og kveður hann hafa tekið vel í þetta mál, án þess þó að lofa nokkru um framgang þess. Loks hefur Jón Þorsteinsson ishúsvörður á Seyðisfirði, sem er bæjarstjórnarmaður fyrir Framsóknarflokkinn, sagt mér, að hann hafi talað við fjármálaráðherrann og fengið þar mjög góðar undirtektir um þetta mál.

Þar sem allir flokkar standa þannig að þessu og ég tel það nauðsynlegt, vænti ég þess, að ríkisstjórnin sjái sér fært að gera þessar ráðstafanir.

Ég skal svo að endingu í stuttu máli rifja upp það, sem farið er fram á við ríkissjóð, eins og ég hef skilið það:

1. Gengið er út frá, að ríkisstjórnin beiti áhrifum sínum til þess, að Frankvæmdabanki Íslands láni kr. 710 000.00 til þess að fullgera iðjuverið og liðki til með, að væntanlegt atvinnubótafé fyrir árið 1957 verði greitt á þessu ári í sama skyni.
2. Auk þess er farið fram á, að ríkisstjórnin ábyrgist 10 ára lán að upphæð kr. 1 400 000.00—1 500 000.00 til kaupa á hlutabréfum Sildarbræðslunnar á Seyðisfirði h/f, sem greiðist á 10 árum með hæfilegum vöxtum og — ef með þarf — það kr. 2 000 000.00 lán, sem Sildarbræðslan skuldar Útibúi Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði með veði í eignunum, og útvegi bænum kr. 1 500 000.00 — til vara kr. 950 000.00 lán til að endurbæta sildarverksmiðjuna.
3. Ef þetta ekki fæst, er farið fram á, að ríkisstjórnin útvegi 1.8 millj. kr. lán til þess að koma upp 80 tonna fiskimjölsverksmiðju (kr. 1 469 000.00 + kr. 300 000.00)

eða til vara kr. 1 295 000.00 (kr. 810 900.00 + kr. 300 000.00) til að koma upp 30 tonna fiskimjòlsverksmiðju á hæð, sem reist verði ofan á hús það, sem búið er að reisa.

Eggert Þorsteinsson alþm. hefur lesið yfir bréf þetta, er sammála því, sem í því stendur og undirritar það með mér.

Virðingarfyllt,

Lárus Jóhannesson. Eggert G. Þorsteinsson.

Fskj. 1.

**Fiskiðjuver Seyðisfjarðar.**

Áætlað er, að Fiskiðjuverið á Seyðisfirði kosti .....	kr. 6 085 000.00
Í verkið er komið í dag skv. bókhaldi bæjarins .....	— 3 859 112.00
	<u>Mismunur kr. 2 225 888.00</u>

Fjárins til þess hluta, sem búinn er, hefur verið aflað sem hér segir:

**A. Föst lán:**

1. Ríkissj. Íslands (Atvinnuaukningarfé) .....	kr. 1 050 000.00
2. Fiskveiðasjóður .....	— 300 000.00
3. Fiskimálasjóður .....	— 275 000.00
4. Lífeyrissj. starfsmanna ríkisins .....	— 200 000.00
5. Framkvæmdabanki Íslands .....	— 900 000.00
	<u>kr. 2 725 000.00</u>

**B. Bráðabirgðalán:**

1. Olíuverzlun Íslands h/f, „BP“ .....	kr. 50 000.00
2. Landsbanki Íslands, Reykjavík .....	— 300 000.00
3. Útvegsbanki Íslands h/f, Seyðisfirði .....	— 170 000.00
	<u>— 520 000.00</u>

C. Framlag Seyðisfjarðarkaupstaðar .....	— 614 000.00
	<u>Kr. 3 859 000.00</u>

Fjárins til þess hluta verksins, sem eftir er, er áætlað að verði aflað sem hér segir, að svo miklu leyti sem hald er á fé:

1. Í sjóði .....	kr. 21 000.00
2. Lán Framkvæmdabankans, sem hefur verið ráðstafað til Landssm. v/véla .....	— 715 000.00
3. Atvinnuaukningarfé ríkissj. á árinu 1957 ..	— 350 000.00
4. Atvinnuaukningarfé til viðbótar á þessu ári (kr. 300 000.00 ráðst. til gr. L.Í.) .....	— 50 000.00
5. Framlag Seyðisfjarðarkaupst. 1956 og 1957 ..	— 380 000.00
6. Enn vantar til þess að ljúka verkinu .....	— 710 000.00
	<u>— 2 226 000.00</u>
	<u>Kr. 6 085 000.00</u>

Upphaflega var áætlað, að verkið mundi kosta kr. 5 370 000.00, en eins og að ofan segir, er það nú áætlað kr. 6 085 000.00, eða kr. 715 000.00 hærra en fyrst var áætlað, og er það sem næst sú upphæð, sem enn vantar hald í til þess að ljúka verkinu.

## Fskj. 2.

Símtal undirritaðs við Þórodd Th. Sigurðsson verkfr., 23. jan. 1956.

### Kostnaðaráætlun.

1. Verksmiðja, afköst 300 mál sildar á sólarhring eða ca. 30 tonn með og án feitfiskvéla:
    - a. Færibönd ..... kr. 96 900.00
    - b. Verksmiðjan sjálf með 1 þurrkara ..... — 220 000.00
    - c. Feitfiskvélar ..... — 494 000.00

---

  - d. Lýsisgeymir 200 tonn ..... — 95 000.00
- 
- Kr. 905 900.00
- 
- e. Innifalið í framangreindu verði eru pípulagnir og vinna við uppsetningu, en ekki raflagnir, sem verða um kr. 25 000.00. Ekki er meðtalin vigt vegna mjöls né heldur renna eða annar útbúnaður til þess að koma burt mjöli.
2. Verksmiðja, afköst 600 mál sildar á sólarhring eða ca. 80 tonn með og án feitfiskvéla:
    - a. Færibönd ..... kr. 96 900.00
    - b. Verksmiðjan sjálf, með 2 þurrkurum ... — 440 000.00
    - c. Feitfiskvélar ..... — 798 000.00

---

  - d. Lýsisgeymir 300 tonn ..... — 135 000.00
- 
- Kr. 1 334 900.00
- 
- Kr. 1 469 900.00
- 
- e. Sama og liður 1-e hér að ofan.  
Lyktheydingatæki kosta um kr. 30 000.00.

Jóhannes Sigfússon.

## Fskj. 3.

### Síldarbræðslan h/f, Seyðisfirði.

Eignir pr.  $1\frac{1}{2}$  1956.

#### Hraðfrystihúsið:

1. Hafskipabryggja, nýbyggð, ca. 20 m með sjó, steipt plan og uppfylling ..... kr. 150 000.00
  2. a. Hraðfrystihúsið: geymsluklefi fr. 200 tonn einangraður með 2-földum korki (allur) og kæliör ..... — 250 000.00
  - b. Síldarfrystir fyrir 120 tonn af síld .... — 100 000.00
  - c. Vinnusalir: Vélasalur etv ..... — 100 000.00
  - d. Vélar:
    - 1 Baker-pressa 100 þús. ca. kr. 50 000.00
    - 1 Viller-pr. 30 þús. ca. .... — 20 000.00
    - 1 Van Severin 100 ha. .... — 50 000.00
    - 1 Rafmótor 20 ha. m/gangs — 10 000.00
    - 1 do 70 ha. — 30 000.00
    - 2 Condenser & hraðak. .... — 10 000.00
    - 4 Frystitæki fr. pækil ..... — 80 000.00

---

  - kr. 250 000.00
- 
- kr. 850 000.00

**Síldarbræðslan:**

1. Hafskipabryggja, ca. 50 m með sjó, löndunar- krani, mælitæki, flutningsbönd upp í þró ..	kr. 1 000 000.00
2. Síldarþró fr. ca. 4000 mál með flutningsbandi til verksmiðju .....	— 250 000.00
3. Hús: Verksmiðjuhús .....	kr. 150 000.00
Bryggjuhúsið .....	— 25 000.00
Pálshús .....	— 40 000.00
Flísahús $\frac{1}{2}$ hl. ....	— 20 000.00
Garðhús .....	— 5 000.00
Hafnargata 59 .....	— 30 000.00
	— 270 000.00
4. Lýsistankur, 500 tonna .....	— 200 000.00
5. 4 skilvindur .....	— 200 000.00
6. Rafstöð, 50 kw. ....	— 100 000.00
7. Ketill, þurrkari, olfukyndingartæki .....	— 130 000.00
8. 3 pressur, sjóðari, kvörn, mjölyfta, sniglar, leiðslur, dælur, lýsiskör, slamsía og annað til- heyrandi .....	— 300 000.00
9. Lóðarréttindi .....	— 100 000.00
	kr. 2 550 000.00
	Samtals kr. 3 400 000.00

**Fskj. 4.****Síldarverksmiðja á Seyðisfirði.**

Lausleg áætlun um kostnað við endurbætur og stækkun í 1800—2000 mál á sólarhring.

Sjóðari og pressa f. 1800—2000 mál .....	kr. 600 000.00
Hristísía .....	— 16 000.00
Nýr ofn fyrir gamla þurrkarann .....	— 75 000.00
Nýr þurrkari .....	} — 380 000.00
Sniglar frá pressu í þurrkara .....	
Snigill fyrir hringkeyrslu á beinum .....	
Aðrir sniglar við þurrkara .....	
Kvörn .....	
Flutningstæki frá þurrkara í kvörn .....	} — 20 000.00
Mjölband (færsla) .....	
Rafmagnsdrif á gamla þurrkarann .....	— 80 000.00
Raflagnir í verksmiðju .....	— 25 000.00
Ýmsar dælur með mótorum .....	— 50 000.00
Hús fyrir nýjan þurrkara .....	— 60 000.00
Uppsetning á viðbótartækjum .....	—
	Kr. 1 306 000.00

Ketill með brennara og armatur f. 1800—2000 mála verk- smiðju .....	kr. 170 000.00
--	----------------

Ofangreindar breytingar fyrir 1000 mála verksmiðju ....	kr. 850 000.00
---	----------------

Ketill f. 1000 mála verksmiðju .....	kr. 100 000.00
--------------------------------------	----------------

Reykjavík, 14. febrúar 1956.

**Fskj. 5.**

**Upplýsingar til Lárusar Jóhannessonar frá Jónasi Jónssyni forstjóra fiskimjölsverksm. Klettur.**

**Karfavinnsla.** Þegar karfi er flakaður til frystingar, þá nema flökin nál. 25% af fiskþyngdinni. Afgangurinn, ca. 75%, verður að vinnast í verksmiðju, og fæst þá úr honum bæði lýsi og mjöl.

**Mjöltekja** úr þessu hráefni nemur frá 18% til 20% eftir því, hvort um gernýtingu hráefnisins er að ræða. (Gernýting á sér stað, þegar slamvatnið, sem venjulega hefur runnið til sjávar frá verksmiðjum, er einnig nýtt.)

**Lýsistekja** er mjög misjöfn eftir því, á hvaða árstíma karfinn er veiddur, en reikna má með ca. 6% sem meðaltali.

Mikil verðmæti eru fólgin í hráefni þessu, og hafa afurðirnar, mjöl og lýsi, selzt jafnóðum.

Hæsta verð, sem verksmiðjur hafa greitt fyrir þetta hráefni, er kr. 450.00. pr. tonn, og hefur það verið greitt hér í Reykjavík. Úti á landi mun það hafa verið mun lægra.

**Vinnsla á mögrum fiski** (þorskur o. fl.). Flök til frystingar af þessum fiski nema nál. 35% af fiskþyngdinni, og eru þá nál. 65% af fiskinum, sem vinna verður í verksmiðju. Er hér aðeins um mjölvinnslu að ræða, og er mjöltekja frá 20 til 22%. Einnig þetta mjöl hefur verið í góðu verði og selzt jafnóðum. Verð á þessu hráefni hefur verið hæst kr. 250.00 pr. tonn.

Af framansögðu sést, að frystihús, sem ekki getur unnið þennan hluta af hráefninu, er mjög illa stutt til góðrar afkomu.